

Föstudaginn 14. apríl 1967.

Nr. 19/1966. **Einar Stefánsson og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f** (Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Bjarna Þ. Bjarnasyni og gagnsök
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Þórður Björnsson yfir-sakadómari.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. febrúar 1966. Krefjast þeir sýknu gegn greiðslu kr. 8.900.00 með 7% ársvöxtum frá 28. apríl 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá gera þeir og þá kröfu, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. febrúar 1966 og krafizt þess, að aðaláfrýjendum verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 41.600.00 með þeim vöxtum, sem greindir eru í kröfugerð þeirra. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er lýst umferðarslysi því, sem mál þetta er af risið, og sakargögn skilmerkilega rakin. Ljóst er, að öku-menn beggja bifreiðanna brutu ákvæði umferðarlaga nr. 26/1958, ökumaður L 146 ákvæði 1. og 2. mgr. 49. gr., en ökumaður R 14094 ákvæði 4. mgr. 45. gr. og 1. og 4. mgr. 46. gr. Eins og atvikum er háttað, þykir rétt, að aðiljar beri að jöfnu fébótaábyrgð á tjóni því, sem hlaut af árekstri bifreiðanna. Tjón gagnáfrýjanda vegna afnotamissis bifreiðarinnar þykir hæfilega metið í héraðsdómi. Ber því að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda helming af kr. 41.600.00, þ. e. kr. 20.800.00, ásamt vöxtum, eins og krafizt

er. Þá ber aðaláfrýjendum og að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og telst hann hæfilega ákveðinn samtals kr. 14.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Einar Stefánsson og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Bjarna Þ. Bjarnasyni, kr. 20.800.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 28. apríl 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 14.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. desember 1965.

Mál þetta var dómtekið 9. desember s.l. að loknum munnlegum málflutningi. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 10. september 1964 og þingfest sama dag. Stefnandi er Bjarni Þ. Bjarnason, Hitaveitutorgi 1, Smálöndum, Reykjavík. Hann stefnir Einari Stefánssyni bónda, Bjólu í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu, og Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík. Dómkröfum stefnanda hefur verið breytt til lækkunar, eftir að málið var höfðað. Kröfurnar eru nú þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 41.600.00 með 7% vöxtum p. a. frá 28. apríl 1964 til 1. janúar 1965, en 6% vöxtum p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Af hálfu beggja hinna stefndu er krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 8.900.00 með 7% vöxtum p. a. frá 28. apríl 1964 til 1. janúar 1965, en 6% vöxtum p. a. frá þeim degi til greiðsludags.

Málavextir.

Bifreiðaárekstur varð um kl. 1530 fimmtudaginn 23. apríl 1964 (sumardaginn fyrsta) á uppfyllingu rétt austan við brúna yfir Ytri-Rangá sunnan við kaптúnið Hellu í Rangárvallasýslu. Skullu þar saman þessar bifreiðar: L 146, Ford-vörubifreið, árgerð 1946, eigandi og ökumaður stefndi Einar Stefánsson, og R 14094, Willys-jeppi, árgerð 1945, eigandi stefnandi, ökumaður sonur hans, Ívar Arnar Bjarnason. Á lögregluupphrátt er skráð, að veður hafi verið gott og bjart, vegurinn rennisléttur með lausum

malarsalla ofan á föstu undirlagi, 8 metra breiður. Engin slys urðu á mönnum í árekstri þessum, en báðar bifreiðarnar urðu fyrir skemmdum. Mál þetta er höfðað til bóta vegna tjóns stefnanda, og er Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f stefnt, þar sem keypt hafði verið trygging vegna L 146 hjá félaginu.

Ágreiningur er ekki um, hvernig sjálfur áreksturinn varð. R 14094 var ekið í austurátt að Rangárbrúnni. Litlu áður en á sjálfa brúna kom, áttaði ökumaðurinn sig á, að hann var kominn fram hjá veginum niður í Þykkvabæ, en þangað var ferðinni heitið. Hugðist hann því snúa við þarna á uppfillingunni og sveigði til hægri, og var þá bifreiðin nokkuð þvert á veginum og framendi hennar nærri hægri (syðri) vegarbrún. L 146 var í sama mund ekið austur veginn, og hemlaði ökumaðurinn og sveigði yfir á syðri vegarhluta, en bifreiðin rann áfram, a. m. k. um 20 metra, og skall á jeppanum með þeim afleiðingum, að hann færðist til austurs rúmlega 5 m, snerist við á veginum og valt á hægri hlið. Alls mældust hemlaför vörubifreiðarinnar L 146 25.7 m.

Ökumaður jeppans, Ívar Arnar Bjarnason, segir svo frá, að hann hafi séð vörubifreiðina, nokkru áður en áreksturinn varð, enda hafi hún komið upp Þykkvabæjarvegin og farið inn á veginn að Hellu, rétt áður en jappann bar að vegamótunum. Hann heldur því fram, að vörubifreiðinni hafi verið ekið á stæði rétt við vegamótin og hafi hann ekki hugað meira að henni. Stúlka, sem var með Ívari í jeppanum ásamt tveimur ungum piltum, getur þess í framburði hjá rannsóknarlögreglu, að hún hafi athugað, rétt áður en snúið skyldi við, hvort umferð væri á veginum, og þá séð, „að vörubifreið var nærri því stöðvuð á „plani“, sem var þarna skammt frá“. Annar piltanna, sem var farþegi í jappanum, segir einnig, að vörubifreiðinni hafi verið ekið á stæði „gegnt vegamótunum“. Ívar Arnar segir, að hann hafi litið í baksýnispegil, áður en hann beygði til hægri til að snúa við. Kveðst hann ekki hafa séð neina bifreið koma. Þegar hann var kominn að syðri vegarbrúninni, sá hann hins vegar að eigin sögn vörubifreiðina „á nokkurri ferð“. Kveðst hann hafa skipt í bakgír, en áreksturinn orðið í sama mund. Áðurnefnd stúlka segist hafa veitt því athygli, áður en tekið var að snúa jeppanum, að ökumaðurinn athugaði, hvort umferð væri á eftir.

Einar Stefánsson, stefndi í málinu, segir svo frá, að jeppanum hafi verið ekið fram úr vörubifreið hans á móts við hús Trésmiðjunnar Rangár, og telur hann, að hraði sinnar bifreiðar hafi verið 30—40 km á klukkustund. Um það, sem síðar gerðist, segir

svo í lögregluskýrslu eftir Einari: „Rétt á eftir að bifr. fór fram úr mér, snarbeygði bifr. R 14094 yfir á hægri kant og sýndist allt í einu hafa tekið í sig að snúa við. Ég steig á hemlana á minni bifreið í botn og sveigði yfir á hægri kant í þeirri von, að árekstri yrði forðað, en það tókst ekki“.

Á áðurnefndum uppdrætti lögreglunnar í Rangárvallasýslu segir, að Hermann Pálsson, veghefilsstjóri á Hellu, hafi reynt hemla bifreiðarinnar L 146 og að hann hafi talið „fóthemil í lagi“.

Dómari hefur beðið skipulagsstjóra að upplýsa um fjarlægðir, sem máli þykja skipta. Segir í bréfi Zóphóníasar Pálssonar skipulagsstjóra hér að lútandi, að fjarlægð frá miðjum gatnamótum Þykkvabæjarveggar að vestari enda Rangárbrúar sé 596 metrar, en frá verkstæði, sem er norðan Þjóðveggarins á þessu bili, að brúnni 356 metrar. Er hér um að ræða trésmiðju þá, sem stefndi Einar getur um. Þá hefur skipulagsstjóri útvegað uppdrátt af þessu svæði. Loks hafa verið lagðar fram 4 ljósmyndir, teknar á slysstað.

Hinn 24. júní 1964 ritaði lögmaður stefnanda yfirborgardómara bréf og beiddist þess, að dómkvaddir yrðu matsmenn til að segja til um viss atriði. Þeir Sigurbór Guðjónsson og Gunnar Björnsson framkvæmdu matið, og er matsgerðin dagsett 14. júlí 1964. Í henni segir m. a.:

„Í dómskvaðningunni er beðið að svara þrem atriðum:

I. Hvað gangverð bifreiðarinnar var fyrir tjónið?

Eftir að hafa kynnt okkur sambærilegar bifreiðar, teljum við, að gangverð í dag sé kr. 45.000.00.

II. Hvert verðmæti bifreiðarinnar telst eftir tjón?

Við teljum hæfilegt kr. 11.000.00.

III. Hvort talið verður, að svari kostnaði að gera við bifreiðina?

Eftir okkar útreikningi virðist okkur, að viðgerðarkostnaður verði ca. kr. 34.500.00, en þar sem ekki var hægt að sjá, hve mikið er brotið í millumgæarkassa, en hann er brotinn, en þurfi að setja nýjan kassa í bifreiðina, mun viðgerðarkostnaður verða ca. 42.500.00 ...“.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi selt bifreiðina í því ástandi, sem hún var eftir áreksturinn, fyrir 11.000.00 krónur. Þá hefur því verið haldið fram af hans hálfu, að bifreið þessa hafi hann notað við atvinnurekstur, er hann hafi með höndum.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi Einar eigi einn alla sök á margnefndum árekstri og beri hann því ábyrgð á tjóni stefnanda svo og hið stefnda vátryggingafélag. Er krafan á hendur félaginu byggð á 2. málsgrein 74. greinar laga nr. 26/1958.

Áður er rakið, hvernig ökumaður jeppabifreiðarinnar og tveir farþegar lýsa því, hvernig áreksturinn varð. Af hálfu stefnanda er byggt á þessari atvikalýsingu. Því er haldið fram, að ökumanni jeppans hafi verið heimilt að snúa við, eins og hann hafði í hyggju, enda hafi hann áður athugað, hvort önnur umferð væri um veginn. Þá er sérstaklega tekið fram, að ökumaðurinn hafi tendrað stefnuljós á jeppanum. Með þessum rökum er því haldið fram, að ökumaður jeppans hafi ekki átt neina sök á því, að áreksturinn varð.

Af hálfu stefnanda er því síðan haldið fram, að stefndi Einar hafi átt sök á árekstrinum, enda hafi hann hagað akstri sínum með öðrum hætti en honum bar. Er þar einkum bent á þrjú atriði. Í fyrsta lagi er því haldið fram, að stefndi Einar hafi ekið hraðar en heimilt var eftir 49. grein laga nr. 26/1958, einkum 1. og 2. málsgrein. Er sagt af hálfu stefnanda, að ljóst sé af lengd þeirra hemlafara, sem saúst (25.7 m), að hraðinn hafi verið mikill og mun meiri en svo sem segir í 2. mgr. nýnefndrar lagagreinar. Í öðru lagi er því haldið fram, að hemlar vörubifreiðarinnar hafi verið í ólagi. Megi ráða það af lengd hemlafaranna og því, að ekki saúst slík för nema eftir hægra afturhjóla. Í þriðja lagi er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefnda Einari hafi verið óheimilt að beygja yfir á syðri vegarhelming, sbr. 45. gr., 1. mgr., laga nr. 26/1958. Þessu til viðbótar hefur verið nefnt af hálfu stefnanda, að stefnda Einari hafi borið að gefa hljóðmerki eftir 1. mgr. 52. gr. sömu laga, en það hafi hann ekki gert.

Um tjónið er því haldið fram af hálfu stefnanda, að tjón á bifreiðinni R 14094 hafi numið kr. 34.000.00 (þ. e. kr. 45.000.00 ÷ 11.000.00). Þar við er bætt tjóni vegna flutnings af árekstrarstað, kr. 1.600.00, og loks tjóni vegna afnotamissis bifreiðarinnar í 60 daga, kr. 100.00 pr. dag, kr. 6.000.00. Samtals er tjónið talið nema kr. 41.600.00, sem fyrr segir. Þá er þess krafizt, að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til útlagðs kostnaðar við dómkvaðningu matsmanna (kr. 253.50), þóknunar til matsmanna (kr. 2.000.00) og við öflun endurrita af lögregluskýrslu (kr. 75.00).

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ekki verði talið, að sök stefnda Einars á árekstrinum sé nema að fjórða hluta. Er krafa stefndu í málinu á því byggð og svo á skoðunum þeirra varðandi tjón stefnanda, en að þeim verður vikið hér á eftir.

Því er haldið fram af hálfu stefndu, að hemlar bifreiðarinnar L 146 hafi verið í lagi, en hin löngu hemlaför orsakast af ástandi vegarins. Þó verði vegna þeirra að telja sök Einars fjórðung, sem fyrr segir. Því er haldið fram, að akstursmáti ökumanns jeppans hafi verið slíkur, að hann eigi að bera sök á því, að stefndi Einar truflaðist við aksturinn og sveigði yfir á syðri vegarhelming.

Um akstur Ívars Arnars Bjarnasonar, þess er ók jeppanum, er því haldið fram af hálfu stefndu í málinu, að hann hafi verið með þeim ágöllum, að telja verði, að sök Ívars Arnars sé þrisvar sinnum meiri en sök stefnda Einars. Þessu til stuðnings er það nefnt, er nú skal greina: Í fyrsta lagi er því haldið fram, að Ívar hafi farið fram úr vörubifreiðinni rétt vestan við árekstrarstaðinn og þá snarbeygt þvert á veginn. Með þessu hafi verið brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 45. gr. laga nr. 26/1958 og 1. og 4. mgr. 46. gr. sömu laga. Því er mótmælt, að Ívar Arnar hafi tendrað stefnuljós, en jafnframt er því haldið fram, að það hefði engin áhrif á sök hans, þótt hann hefði gert það. Því til stuðnings er vitnað til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 26/1958. Því er sérstaklega mótmælt, að stefndi Einar hafi ekið bifreið sinni á stæði við vegamót Þykkvabæjarvegar eða við Trésmiðjuna Rangá, en því jafnframt haldið fram, að það hefði engin áhrif á sök ökumanns jeppans, þótt svo hefði verið, þar sem honum hafi borið að hafa gát á vörubifreiðinni engu að síður.

Um tjón stefnanda er því haldið fram af hálfu stefndu, að hann hafi engan skaða haft af afnotamissi bifreiðarinnar, enda hafi hún verið gömul og léleg, og engin sönnun fram komin fyrir því, að hún hafi verið notuð í atvinnuskyni. Til vara er því haldið fram, að ekki komi til greina að greiða bætur vegna missis bifreiðarnota jafnlengi og krafizt er.

Niðurstaða.

Fyrirliggjandi upplýsingar um málsatvik eru eigi svo ítarlegar sem skyldi. Þó þykja engin efni vera til, að bæjarþingið hafi frumkvæði að því, að málið verði endurupptekið til frekari gagnaöflunar.

Af samanburði ljósmynda og uppdráttar verður helzt ráðið, að áreksturinn hafi orðið um 150 metra frá brúarsporðinum, en

þaðan er beinn vegur til vesturs. Ekki er eftir gögnum málsins unnt að sjá, hvar vörubifreiðin var, þegar ökumaður jeppans beygði yfir á syðri vegarhelming.

Telja verður að ökumaður jeppabifreiðarinnar hafi brotið gegn þeim ákvæðum umferðarlaga nr. 26/1958, sem tilgreind hafa verið af hálfu stefndu. Er þess sérstaklega að geta, að ekki er sannað, að ökumaður jeppans hafi mátt byggja á, að vörubifreiðin væri ekki á austurleið. Einnig verður að telja, að stefndi Einar hafi brotið gegn ákvæðum 1. og 2. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 45. gr. laga nr. 26/1958. Verður að telja, að báðir hafi þeir átt sök á árekstrinum. Eftir atvikum þykir rétt, að stefndu bæti stefnanda tjón hans að $\frac{3}{4}$ hlutum.

Ekki er ágreiningur um, að tjón stefnanda nemi a. m. k. 35.600.00 krónum. Með tilliti til þess, að matsmenn höfðu eigi lokið mati sínu fyrr en 14. júlí, en áreksturinn varð 23. apríl, þykir stefnandi eiga rétt á bótum vegna afnotamissis í 60 daga. Krafa hans um, að bætur þessar verði ákveðnar kr. 100 á dag, þykir hófleg. Verður því talið, að tjón hans vegna afnotamissis jeppans nemi 6.000.00 krónum og þá allt tjónið kr. 41.600.00, eins og stefnandi heldur fram. Af þessu ber stefndu að bæta 75%, eða kr. 31.200.00. Af þessari upphæð ber stefndu að greiða vexti með þeim hætti, sem krafizt er af hálfu stefnanda. Þá ber stefndu að greiða málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 9.350.00.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Einar Stefánsson og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnanda, Bjarna Þ. Bjarnasyni, kr. 31.200.00 ásamt 7% vöxtum p. a. frá 28. apríl 1964 til 1. janúar 1965, en 6% vöxtum p. a. frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 9.350.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.